



# Háteigur



14. árgangur 10. tbl.

26. nóvember 2010

## Líðan nemenda

<http://www.hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Haustið líður hratt að vanda og nú ræður mjúkt myrkið yfir morgninum og síðdeginn og einstaka jóla ljós eru komin í húsin í grennd við skólann. Þannig erum við minnt á að árs-tími ljósanna er að renna upp. Smátt og smátt tökum við höndum saman og kveikjum fleiri ljós. Við í Háteigsskóla ætlum hins vegar að fækka ljósum eins og kostur er en þó ekki þannig að það komi niður á starfinu. Við höfum nefnilega tekið eftir því að víða í almenningum skólans er hægt að draga úr ljósmagni sem myndi bara gera þau svæði hlýlegri. Ég mun greina frá því síðar í vetur hvernig þetta gengur hjá okkur en nú er fylgst með orkunotkun dag frá degi.

Að vanda gerðum við okkar árlegu könnun á líðan nemenda í byrjun nóvember og eru upplýsingar um niðurstöður komnar á heimasíðu skólans. Úrvinnsla fer þannig fram að Hulda fulltrúi skólustjóra fær niðurstöður hjá kennurum og skráir í excelskjál. Spurningar til nemenda á yngsta stigi eru í þremur víddum sem eru bros, strik og skeifa. Á yngsta stigi biðjum við ekki um upplýsingar í tengslum við einelti en það gerum við í 5. til 10. bekk. Öllum ábendingum um nemendur sem taldir eru leggja aðra í einelti og nemendur sem líklega verða fyrir einelti er komið til eineltisteymis skólans sem Sigríður félagsráðgjafi stjórnar. Öll ný mál fara í ferli hjá teyminu og það skilar upplýsingum um vinnu sína til nemendaverndarráðs, þar sem niðurstöður eru einnig ræddar. Það er haft samband við foreldra þeirra barna sem um ræðir í samræmi við eineltisáætlun skólans sem er á heimasíðunni. Könnunin í heild er kynnt og rædd í skólaráði, kennararáði og kennarafundi. Niðurstöður einstakra bekkja í samanburði við stig er einungis fyrir umsjónarkennara viðkomandi bekkja. Fyrstu tvær spurningarnar í könnuninni í 5. til 10. bekk er í fimm víddum en við birtum þær sem þrjár víddir og þannig tökum við saman, „líður mjög vel eða vel“ og „líður hvorki vel né illa“ er eins, en svo tökum við saman, „líður illa eða mjög illa“. Við sjáum hækkingu á fjórðu spurningu í 5. til 10. bekk þar sem spurt er hvort að viðkomandi sé lagður í einelti en þá verðum við að hafa í huga að niðurstöður síðasta árs voru óvenjulegar. Niðurstöðurnar eru hins vegar í samræmi við meðaltal frá því að við hófum athuganir árið 1999. Meðaltalið er

12%. Það er talsverður munur á viðhorfi nemenda á yngsta stigi til matsalar en undanfarin ár. Það skýrum við með því að umsjónarkennarar hafa unnið talsvert í haust með nemendum að bættu hljóðumhverfi og umgengni. Umræðan hefur gert nemendur meðvitaða um að ástandið sé ekki gott. Undanfarin þrjú ár hafa yfir 50% nemenda sýnt bros þegar þeir hugsa um matsalinn og upp í 60% í fyrra en nú eru flestir með strik eða 45%. Brosið er rúm 40%. Heildarniðurstöður um líðan í skóla á yngsta stigi eru svipaðar og undanfarin ár þar sem rúm 70% velja bros þegar þeir hugsa um kennslustundirnar og rúm 80% velja, vel eða mjög vel þegar þeir eru spurðir um líðan í skóla á miðstigi og unglingsstigi. Þannig er líðan nemenda í skólanum eins og hún hefur verið frá árinu 2004 að meðaltali. Ég minni svo á að hægt er að tilkynna um einelti á sérstakri krækju á heimasíðu skólans en áfram er hægt að hafa samband við umsjónarkennara og stjórnendur þegar áhyggjur vakna. Að lokum vil ég hvetja alla til að skoða niðurstöðurnar á heimasíðu skólans.

Ég hvet alla til að ganga nú fallega inn í aðventuna og leyfa myrkrinu að umlykja sig á hlýjan hátt og láta ljósin minna okkur á nýtt líf og von sem kemur alltaf með hækkingu sól.

Gleðilega aðventu,

Ásgeir Beinteinsson, skólustjóri

### Hjól

Nú þegar vetur er genginn í garð, er æskilegt að nemendur komi ekki á hjólum sínum eða hlaupahjólum í skólann.

### Boð í hangikjöt

Ágætu foreldrar

Í tilefni jóla viljum við, eins og undanfarin ár, bjóða ykkur að koma og borða hangikjöt með börnum ykkar. Mæting er eins og hér segir:

Miðvikudagur 8. des. kl. 11:30 1. og 4. bekkur

Miðvikudagur 8. des. kl. 12:10 2. og 3. bekkur

Fimmtudagur 9. des. kl. 11:30 5. og 7. bekkur

Fimmtudagur 9. des. kl. 12:10 6. bekkur

Föstudagur 10. des. kl. 12:00 8.-10. bekkur

Okkur er gert mögulegt að halda þessum góða sið, með veglegum styrk frá foreldrafélagi skólans.

Með jólaþakningu frá starfsfólki Háteigsskóla

## Loðmar

Krakkarnir í 4. bekk fóru í heimsókn til Sölku. Þeir fóru til þess að hlusta á nýju bókina, „Loðmar“. Hún var gefin út á degi íslenskrar tungu. Þessi bók er um persónuna Loðmar. Þessi bók er öðruvísi en aðrar bækur. Það býr einn á hverri blaðsíðu. Bókin er rosalega skemmtileg.

Margrét Halldórsdóttir, Isabella María Eriksdóttir og Birgitta Lindal, 4. bekk

## Ungmennaráð og kvikmyndaverkefni

Ungmennaráð miðborgar og Hlíðahverfis er öflugt ráð með sterkar skoðanir og vilja til verka. Ungmennaráðið hefur fengið styrk frá Evrópu unga fólksins (sjá euf.is) til að gera fræðsluefni um einelti þar sem þau sjálf gera kvikmyndina og semja síðan umræðuspurningar og þá verður efnið tilbúið til kennslu í efri stigum grunnskóla eða fyrsta stigi framhaldsskólanáms.

Þau eru nú um þessar mundir að leggja síðustu hönd á handritin og myndataka hefst í lok nóvember. Styrkinn fengu þau með þeim fyrirvara að þau ættu að gera þetta að mestu sjálf. Starfsmenn frá þjónustumiðstöðinni og frá Frístundamiðstöðinni Kampi eru þeim til ráðgjafar, en einnig mega þau kaupa sérfræðiráðgjöf. Fulltrúar Háteigsskóla í ráðinu eru Steinunn Ólína Hafliðadóttir og Kristinn Jóhannsson.

Hrefna Guðmundsdóttir, Kampi og Guðbjörg Magnúsdóttir, PMH

## Fjallaferðin okkar

Einu sinni fóru krakkarnir í 4. bekk í Háteigsskóla í haustferð. Þeir fóru með strætó upp að Úlfarsfelli. Veðrið var mjög gott. Á leiðinni fundu þeir bláber og krækiber. Berin voru sæt og góð á bragðið. Þeir borðuðu nesti fljótlega. Fyrst fóru allir á litla toppinn og svo þurftu þeir að labba lengra upp á stóra toppinn. Allir skrifuðu í gestabókina og fengu hádegishressingu.

Elín Phuong My Phang, 4. bekk

## Leikskólaferð á degi íslenskrar tungu

Í dag er dagur íslenskrar tungu. Við fórum á leikskólann Stakkaborg og við lásum fyrir börnin „Köttinn sem týndi malinu sínu“. Við og leikskólabörnin sungum þangað til við gátum ekki meira. Við sögðum nokkur líka sögur og það var virkilega gaman.

Jóhanna Teuffer, 5. bekk

## Einelti

Hvað er einelti? Um hvað snýst það? Af hverju að leggja í einelti?

Einelti er þegar ein manneskja eða fleiri eru leiðinlegar við ákveðna manneskju. Einelti getur verið andlegt (þegar það er verið að kalla ljótum nöfnum, gefa ljót svipbrigði og mikið mikið meira) og líkamlegt (þegar verið er að lemja, hrinda o.s.frv.)! Oftast er einn gerandi (stjórnandi) og fleiri þátttakendur. Svo er það fórnarlambið!

Þegar einhver leggur annan í einelti er mjög líklegt að honum líði mjög illa sjálfum og vilji að öðrum líði líka illa. Fórnarlömbum eineltis líður oft mjög illa það sem eftir er. Sum reyna að fremja sjálfsmorð og mörgum gengur mjög illa í skóla og vinnu og glíma við mikið óöryggi! Stundum er fólk lagt í einelti út af útliti, hvernig það talar, hvernig það gengur og oft er lagt í einelti út af því að það þorir að standa með sjálfu sér og er ekki tilbúið að fylgja öðrum.

Helena Björk Bjarkadóttir, 7. bekk

## Skipulag skólalóðar

Tilkoma nýja boltagerðisins ýtti á að skólalóð Háteigsskóla væri skipulögð upp á nýtt. Nemendur miðstigs skiptu sér því í hópa og gerðu úttekt á lóðinni og komu fram með tillögur í orðum og myndum að lagfæringum á lóðinni. Margt skemmtilegt og áhugavert kom fram og voru niðurstöður kynntar á fundi í sal skólans, mánudaginn 1. nóvember. Myndir frá undirbúningsvinnunni og fundinum eru komnar á vef skólans. Vonandi getum við framfylgt einhverjum af þessum tillögum nú þegar í vetur.

## Góði álfurinn og vonda trölllið

Einu sinni var álfur. Hann var í göngutúr um nótt og svo hitti hann tröll í vondu skapi. Trölllið sá hann og elti hann og þá sá álfurinn litla holu og skreið inn í hana. Trölllið reyndi að ná honum og festi höndina og svo kom dagur og þá varð trölllið að steini. Og álfurinn var fastur inni í holunni og svo kom annar álfur og bjargaði honum.

Ásgrímur Heiðarr Ásgrímsson, 4. bekk

## Íþróttahátíð

Dagana 10. - 11. nóvember voru íþróttahátíðir í skólanum. Róbert og Valgerður, íþróttakennarar, settu upp alls konar þrautbrautir og stöðvar fyrir leiki. Nemendur af unglíngastigi voru þeim til aðstoðar auk kennara og stuðningsfulltrúa sem fylgdu sínum bekkjum. Myndir frá íþróttahátíð eru komnar á heimasíðu skólans.

## Dagur íslenskrar tungu

Í dag, 16. nóvember, er dagur íslenskrar tungu. Á degi íslenskrar tungu á maður að passa upp á íslenska tungumálið. Við getum gert það með því að tala enga ensku eða annað tungumál. Það er hægt að fara í keppni milli einstaklinga með því að ef einhver talar ensku eða eitthvað svoleiðis fær sá sami mínusstig og sá sem hefur færri mínusstig vinnur. Passið upp á tungumálið!

Ásta Indía Valdimarsdóttir, 5. bekk

Fallega lundann hér til hliðar gerði Svanhildur Hlíf Bergsdóttir í 7. bekk

## Hræðilegar ritgerðir

Ég er ekki góð í að gera ritgerðir. Þess vegna ætla ég að skrifa um það!

Ég er hræðilega léleg í að gera ritgerðir. Ég veit ekkert hvað ég á að skrifa og fer oft í paník. Ég verð pirruð þegar mamma er ekki til að hjálpa mér og breyti oftast ritgerðinni í sögu. Ef það væri til síða á netinu sem gerði ritgerðir þá myndi ég örugglega bara taka einhverja ritgerð og eigna mér hana (fyrir skólaverkefni). Allir í kringum mig eru oftast fljótir með ritgerðir – mér finnst það skrytið. Ef ég mætti ráða þyrfti maður ekki að gera ritgerðir nema ef maður vildi. Og ég held að fáir myndu vilja það. Nú veit ég ekki hvað ég á að skrifa meira, en ég vona að ég þurfi ekki að nota ritgerðir mikið í lífinu.

Þetta sýnir hvað ég er léleg í að gera ritgerðir. Ég vissi ekkert hvað ég átti að skrifa og allt í einu kom þetta alveg óvart.

Þorbjörg Salka Sigurðardóttir, 7. bekk



☺ Spakmæli mánaðarins: ☹

Ef við værum alltaf að bíða eftir rétta augnablikinu til að gleðjast, lifðum við ævina til enda án þess að kynnast nokkurn tíma hamingjunni.